

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Þorlákshöfn Ölfusi



Dags eftirlits	1.11.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Laxabraut 9 - 11	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Eva Lind Guðmundsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sindri Freyr Jónsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram í eftirlitinu þess efnis að efni eru geymd án viðeigandi lekavarna. Tvær ábendingar voru settar fram: 1) Upplýsingar um hvenær myndir af útrás eru teknar skulu koma fram í ársyfirliti. 2) Tryggja þarf að réttar upplýsingar, t.d. um fódurnotkun, komi fram í öllum gögnum. Ekkert eldra frávík var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í Þorlákshöfn.

Starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða, Þorlákshöfn gildir til 4. nóvember 2037 og tekur til eldis með allt að 2.500 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Hámarkslífmassi árið 2023 var innan við 1.000 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Farið var yfir þær ábendingar sem voru settar fram í eftirliti árið 2023. Ábendingar sem snúa að öryggisblöðum og efnageymslu, verða teknar fyrir síðar í skýrslunni. Brugðist hefur verið við öðrum ábendingum á fullnægjandi hátt.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti var skilað þann 18. apríl sl. Myndir af útrás voru í ársyfirliti en rekstraraðila er bent á að láta upplýsingar fylgja um dagsetningar myndatöku.

Grænu bókhaldi var skilað þann 30. apríl sl. Upplýsingar um fódurmagn eru ekki þær sömu í grænu bókhaldi og ársyfirliti en staðfest er að efnalosun var innan þeirra marka sem tilgreind eru í starfsleyfi. Útreikningar á losun fosfórs út frá niðurstöðum mælinga á efnainnihaldi frárennslisvatns, benda til að losun frá stöðinni fari aldrei yfir þau mörk sem tilgreind eru í starfsleyfi.

Útstreymisbókhaldi var skilað þann 4. september sl. en upplýsingarnar sem þar koma fram eru einnig í ársyfirliti og er því ekki gerð athugasemd við skilin.

Ein niðurgrafin olíflögn er á lóðinni. Lögnin var síðast þrýstiprófuð árið 2020, en þrýstiprófa þarf niðurgrafnar olíulagnir á fimm ára fresti og því þarf að prófa hana á árinu 2025.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Engar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda og var skirteini því til staðfestingar sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu.

Þær áætlanir sem krafa er um að séu til staðar voru allar til staðar og nýlega yfirfarnar.

- Önnur mál

Heildarlosun næringarefna frá fiskeldisfyrirtækjum í Þorlákshöfn var rædd. Samkvæmt núverandi áætlunum þeirra fyrirtækja sem eru starfandi, eða hyggjast starfa, við Laxabraut, kemur samanlögð losun þeirra til með að hafa neikvæð áhrif á ástand vatnshlotsins sem þau losa frárennslisvatn í. Samkvæmt Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 má ástand vatnshlota aldrei versna og því þarf að bregðast við og verður það gert í samráði við sérfræðinga

Umhverfisstofnunar.

6. Skoðunarferð

Gengið var um lóð rekstraraðila. Gert var ráð fyrir að sá fiskur sem var í stöðinni þegar eftirlitið fór fram, yrði fluttur úr stöðinni á næstu vikum, m.a. í kvíar í Fáskrúðsfirði. Í eftirliti árið 2023 var sett fram ábending um að öryggisblöð skyldu vera til staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð. Öryggisblöð eru aðgengileg öllu starfsfólki á rafrænu formi. Önnur ábending var sett fram um að huga þurfi að lekavörnum í efnageymslu. Efnageymslan sem var til staðar árið 2023 er ekki lengur í notkun og eru efni nú geymd utandyra, ýmist í körum eða á opinni lekabyttu. Tappa vantar í a.m.k. eitt karið sem efni eru geymd í og það virkar þ.a.l. ekki sem lekavörn. Auk þess var lekabytta sem er í notkun full af vatni (klaka) og þjónar hún því ekki tilgangi sínum og er því skráð frávik vegna ófullnægjandi lekavarna.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Gr. 3.10 í starfsleyfi

Efni voru geymd án fullnægjandi lekavarna.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu: 1) Í ársyfirliti þurfa að koma fram upplýsingar um dagsetningar mynda sem skal taka af útrás stöðvarinnar og eiga að fylgja ársyfirliti. 2) Tryggja þarf að réttar upplýsingar, t.d. um fóðurnotkun, komi fram í öllum gögnum sem eru send til eftirlitsaðila.


ANNAÐ

Minnt er á að árið 2025 þarf að þrýstiprófa niðurgrafna olíulögn sem er á lóð rekstraraðila.

Reykjavík, 20.12.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Freyr A. Evarsson